

Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2012

haldinn á Sauðárkróki, föstudaginn 18. október 2013, kl. 09.00.

Mættir voru 20 kjörgengir fulltrúar. Fundurinn telst löglegur þar sem löglega var til hans boðað skv. samþykktum Menningarráðs Norðurlands vestra.

Formaður, Björg Baldursdóttir, setti fund og bauð þingfulltrúa velkomna. Tilnefndi hún Katrínu Maríu Andrésdóttur fundarstjóra og Stefán Haraldsson fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók því næst við fundarstjórn og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla um starfsárið 2012

Björg Baldursdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan er aðgengileg í heild sinni í ársskýrslu SSNV 2012. Björg þakkaði samnefndarfólki sínu og menningarfulltrúa gott samstarf.

2. Ársreikningur fyrir árið 2012

Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi skýrði ársreikning ráðsins fyrir árið 2012. Rekstrartekjur námu 42.162.002 kr. Rekstrargjöld námu 42.114.594 kr. Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld voru 482.423 kr. Rekstrarhagnaður í heild var því 529.831 kr.

Opnað var fyrir umræður um skýrslu menningarráðs og ársreikninga. Bjarni Jónsson gerði að umræðu þær breytingar sem orðnar eru á úthlutun styrkja sem áður tilheyrðu svokölluðum safnliðum. Breytingarnar leiddu til 30% niðurskurðar og fleiri atriði komu síðar til skerðingar á framlögum. Framtíð menningarsamninga er í óvissu þó gert sé ráð fyrir að framhald verði á þeim. Í fyrirliggjandi frumvarpi til fjárlaga sýnist vera talsverð skerðing á ferðinni og eftir að úthluta til landshluta.

Fundarstjóri vísaði síðan ársreikningum til fjárhags- og laganeftar ársþings SSNV.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014

Ingibergur lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Tekjur og gjöld eru áætlaðar 40.900.000 kr. Af gjöldum er gert ráð fyrir að 20.945.000 kr. fari í verkefnastyrki og 10.300.000 kr. fari í stofn- og rekstrarstyrki.

Einnig fór Ingibergur yfir margvíslega tölfræði er varðar tekjur og gjöld, styrki o.fl. árin 2007-2014.

Opnað var fyrir umræður. Enginn tók til máls og vísaði fundarstjóri áætluninni til fjárhags- og laganeftar ársþings SSNV.

4. Ákvörðun um þóknun til fulltrúa í menningarráðinu fyrir árið 2014

Formaður lagði til að þóknun til fulltrúa í menningarráði fyrir árið 2014 yrði hækkuð. Þóknunin hefur verið óbreytt frá árinu 2007 eða 12.500 kr. fyrir almenna fulltrúa og 18.750 kr. fyrir formann. Lagði hún til að þóknunin yrði 15.000 kr. pr. setinn fund fyrir almenna fulltrúa og 22.250 kr. fyrir formann.

Tillöggunni var vísað til fjárhags- og laganefundar.

5. Önnur mál

Ingibergur Guðmundsson skýrði frá því að Capacent hefði skilað matsskýrslu um framkvæmd menningarsamningsins 2011-2013 til ráðuneytisins í síðustu viku en hún hefur ekki borist enn til menningarráðs.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV, tók til máls og kvaðst hafa lengi fylgst með menningarsamningunum og framkvæmd þeirra. Furðu gegni hvernig staðið er að þessu af hálfu ríkisvaldsins. Betur þarf að standa að þessari skiptingu í framhaldinu og tryggja réttláta dreifingu fjármagns á milli landshluta.

Elín Líndal tók til máls og þakkaði menningarráðinu sérstaklega fyrir ötult starf. Gerði hún að umtalsefni þá skerðingu á fjárveitingum sem fylgdu þeirri breytingu á fjárúthlutunum í gegnum safnliði sem orðin er. Hvatti hún fundarmenn til samstöðu um öflun verkefna á menningarsviði svo sem kvikmyndatökur.

Bjarni Jónsson tók til máls og áréttaði óánægju með fjárúthlutanir og niðurskurð tiltekinna verkefna í fjárlögum næsta árs.

Björg Baldursdóttir tók til máls og þakkaði hlý orð og uppörvun fundarmanna.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.. 09.55.

Stefán Haraldsson fundarritari